



**LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI**  
Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

1. Skipulagssvæðið.  
Fjarðabyggð hefur, með samþykki landeiganda ákveðið að gera deiliskipulag fyrir Söxu og aðliggjandi umhverfi. Saxa er nokkuð vinsæll áfangastaður á Austfjörðum og fer umferð um svæðið ört vaxandi. Deiliskipulagssvæðið er um 3,1 ha að stærð.

2. Viðfangsefni og markmið  
Tilgangur verkefnisins er að vinna skipulag fyrir Söxu og nágrenni. Saxa er "sjávarhver" við sjóinn skammt utan við Lönd. Um er að ræða sérstakt náttúrufrýrbæri, þar sem úthafsaldan gengur inn í klettaskoru og spýttist síðan hátt upp í loft með tilkomu miklum brimgosum. Nafnið dregur Saxa af því að inni í henni saxast þönglar og þari í smátt og þeytast upp með í brimgosunum.

Markmið deiliskipulagsins er að gera áningarstað við Söxu þannig úr garði að hann vekir forvitni og áhuga þeirra sem framhjá honum fara. Að auðvelda aðgengi og öryggi við ferðamannastaði í Fjarðabyggð og er lítið til Söxu sem einn af mörgum áföngum í merkingu ferðamannastaða í Fjarðabyggð. Meginþættir deiliskipulags er að skilgreina bilastæði fyrir hópferðarbíla og almenna umferð, að skilgreina stiga að Söxu sem eiga í senn að vera aðgengilegir, þægilegir og felldir vel inn í landið og myndi hringleið um svæðið. Gert er ráð fyrir að skilgreina fjóra áningarstaði með mismunandi vægi eftir staðsetningu og e.t.v. salernisaðstöðu og upplýsingar um staðinn.

3. Helstu forsendur  
Unnið hefur verið að stefnumótun í ferðamállum í atvinnu- og menningarnefnd Fjarðabyggðar þar sem ákveðið var að einn af þeim stöðum sem setja þyrfti í forgang í uppbyggingu var Saxa, en mikil gróska hefur verið í ferða- og menningarmálum í sveitarfélaginu.

Fornleifaðeild Bygðasafns Skagfirðinga skráði fornleifar í nágrenni Söxu og skráðar voru 11 minjar innan deiliskipulagssvæðisins og næsta nágrenni. Um er að ræða landbúnaðarminjar að líkindum

Núverandi aðstaður eru á þann veg að Saxa er staðsett við sjóinn við Suðurfjarðarveg u.þ.b. 3 km fyrir norðan Stöðvarfjörð. Gestir sem sækja staðinn leggja í vegkanti þjóðveggar og ganga um 100 m að Söxu yfir graslendi en þar hefur myndast slóði eftir gangandi vegfarendur. Á miðri leið er lítið upplýsingaskilti um Söxu sem komið hefur verið upp.

4. Skipulagsleg staða  
Saxa er innan svæðis í aðalskipulagi sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði en þær hugmyndir sem settar verða fram í deiliskipulagi eru í samræmi við stefnumörkun aðalskipulags um eflingu ferðaþjónustu tengda náttúru og menningu, sbr. markmið í kafla 5.6 um verslun og þjónustu "Unnið verði að eflingu ferðaþjónustu í Fjarðabyggð, varðandi gistimöguleika, veitingar og afþreyingu tengda náttúru og menningu. Grundvöllur ferðaþjónustunnar verði styrktur með því að varðveita gæði náttúru og menningarlandslags."

Gerð verður grein fyrir umhverfisáhrif skv. 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

5. Kynning og samráð  
Í tengslum við vinnu við deiliskipulag verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

Helstu samráðsaðilar:  
-Skipulagsstofnun  
Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun við upphaf vinnu við deiliskipulag.  
-Heilbrigðiseftirlit Austurlands  
-Vegagerðina  
-Náttúrustofa Austurlands  
-Landeigendur  
-Viðeigandi nefndir og deildir Fjarðabyggðar.

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi á skrifstofu Fjarðabyggðar og vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins [www.fjardabyggd.is](http://www.fjardabyggd.is)

Áður en tillaga er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli verður tillagan kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

6. Skipulagsferli  
Mögulegur tímarámi deiliskipulags:

Jan.-feb. 2017 Unnið að skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag. Eftir að skipulagslýsing þessi hefur verið tekin fyrir í eigna-, skipulags- umhverfissnefnd og bæjarstjórn Fjarðabyggðar mun hún vera kynnt almenningi og viðeigandi hagsmunaaðilum ásamt því að liggja frammi á skrifstofu Fjarðabyggðar og á heimasíðu sveitarfélagsins: [www.fjardabyggd.is](http://www.fjardabyggd.is)  
Unnið að tillögu að deiliskipulagi fyrir skipulagssvæðið.


Feb.-mars. 2017 Deiliskipulag fullmótað með skipulagsupprætti, greinargerð og skilmálum. Tillaga að deiliskipulagi kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

Mars. 2017 Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir á fundi eigna-, skipulags- og umhverfissnefnd Fjarðabyggðar og á fundi bæjarstjórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.

Apr.-maí. 2017 Auglýsing deiliskipulagstillögu

Maí. 2017 Tillaga að deiliskipulagi tekin aftur fyrir á fundi eigna-, skipulags- og umhverfissnefndar ásamt mögulegum athugasemdum og umsögum sem borist hafa. Tillaga að deiliskipulagi samþykkt af eigna-, skipulags- og umhverfissnefnd og bæjarstjórn.

Mars 2017 Deiliskipulag sent Skipulagsstofnun sem hefur allt að þrjár vikur til að afgreiða málið. Að því loknu ólast deiliskipulag gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.



Hluti af staðfestu aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027.


**SKÝRINGAR**

Minjar ● 4  
Deiliskipulagsmörk

Skipulagslýsing þessi var samþykkt í eigna-  
skipulags- og umhverfissnefnd þann  
\_\_\_\_\_ 2016.

Í bæjarstjórn þann \_\_\_\_\_ 2016.

BR.	DAGS.	BREYTING	REKNI.	TEKNI.
-----	-------	----------	--------	--------



**SAXA - FJARÐARBYGGÐ**  
SKIPULAGSLÝSING

KVARNR: 1.000 A2	KÓPAVOGUR	dags. 5.1.2017
VERKNR.	TEKNI. NR.	BR.
7300-DU1402	00	